

## 35. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 36. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 130 12. júlí 1939 með síðari breytingum, nr. 138 og 143/1946, 22/1949, 157/1957 og 12/1962.

*Samgönguráðuneytið, 21. október 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

21. október 1975.

Nr. 489.

## G J A L D S K R Á

fyrir hafnarsjóð Þórshafnar.

### I. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

#### 1. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipsins eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vítaskip og varðskip.

#### Lestagjöld.

##### 2. gr.

- Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri eða jafnt og 400 brúttórúmllestir, skulu greiða lestagjald kr. 6.00 á brúttórúmllest.
- Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiða kr. 6.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 400.00 af hverri brúttórúmllest.

Lágmarksgjald skal vera kr. 2 000.00. Gjaldalagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

Hafi skip legið á höfninni 30 daga samfleytt, skal greiða lestagjald að nýju fyrir næsta 30 daga tímabil. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem skipið stóð uppi.

#### Bryggjugjöld.

##### 3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiði gjald þetta eigi oftár en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir, greiði ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald á heimahöfn, kr. 324.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjaldldagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

### Vörugjöld.

#### 4. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, sem síðar getur.

#### 5. gr.

Fyrir vörur, sem í farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert vörugjald.

#### 6. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- Vörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.
- Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar.
- Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- Bréfapóstur og farangur ferðamanna.
- Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.

#### 7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skips við ákvörðun og útreikninga vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

#### 8. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá segir til um, og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera kr. 20.00. Leiki vafi á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

### Vörugjaldskrá.

#### 9. gr.

1. fl.: Gjald kr. 110.00 fyrir hver 1 000 kg.:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 tonn) svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

**2. fl.: Gjald kr. 230.00 fyrir hver 1 000 kg.:**

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar í 1. fl., óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

**3. fl.: Gjald kr. 640.00 fyrir hver 1 000 kg.:**

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
- b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
- c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

**4. fl.: Gjald kr. 64.00 fyrir hvern rúmmeter:**

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

**5. fl.: Gjald 1%:**

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 50.00.

**Ýmis gjöld.****10. gr.**

- a. Lóða- og geymslugjöld fyrir vörur, sem geymdar eru í húsum hafnarinnar eða á lóðum hennar, skal greiða eftir ákvörðun hafnarnefndar.
- b. Leigugjald fyrir lóðir og land hafnarinnar, hús, verbúðir og athafnasvæði, sem leigt er einstaklingum eða fyrirtækjum um lengri tíma, skal greiða samkvæmt sérstökum samningi milli leigutaka og hafnarnefndar sem ráðuneytið síðan fullgildir.
- c. Leigugjald fyrir notkun á tækjum og áhöldum hafnarinnar, þar með talin legufæri (múrningar) skal greiða eftir ákvörðun hafnarnefndar með hliðsjón af leigugjöldum slíkra áhaldna eða tækja eins og það gerist á almennum markaði.
- d. Af bryggjum og öðrum hafnarmannvirkjum, sem einstaklingar eða félög eiga eða kunna að eignast skal greiða gjald, sem ákveðið er með samningi milli eiganda mannvirkis og hafnarnefndar, sem ráðuneytið síðan fullgildir.
- e. Vatn til skipa greiðist með kr. 40.00 fyrir hvern rúmmeter.
- f. Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarnefnd.

**II. KAFLI****Um innheimtu og greiðslu gjalda.****11. gr.**

Skrifstofa hreppsins sér um innheimtu og greiðslu gjalda og skal greiða gjöldin þar.

## 12. gr.

Skipstjóri eða eigandi skips eru ábyrgir fyrir skilvísri greiðslu þeirra gjalda, sem greiða ber vegna skipsins.

Skipstjóra er skylt að afhenda hafnarstjórn þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins sé þess krafist og hefur hafnarsjóður haldsrétt fyrir skipum, uns gjöldin eru greidd.

## 13. gr.

Að svo miklu leyti, sem gjaldskrá þessi kveður ekki á um fasta gjalddaga, skal greiða gjöldin áður en skip fer burt úr höfninni. Enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollyfirvöldum, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjórn, að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

## 14. gr.

Vörugjöld og leigu fyrir lóðir og geymsluhús, samkvæmt 9. grein, greiðir mótakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Hafi skip ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum til tryggingar á greiðslu gjaldsins.

## 15. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í gjaldskrá þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er í té látin af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 21. október 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*